

## **12. fundur Öldungaráðs Dalabyggðar og Reykhólahrepps. Haldinn í Tjarnarlundi 6. desember 2021 kl. 16:00.**

Ragnheiður Pálsdóttir setti fundinn og bauð fundargesti velkomna.

Mættir eru: Jóhanna Ösp Einarsdóttir sem fulltrúi Reykhólahrepps. Ragnheiður Pálsdóttir og Einar Jón Geirsson sem fulltrúar Dalabyggðar, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir fyrir hönd félags eldri borgara. Þórunn Björk Einarsdóttir fyrir hönd HVE, Soffía Guðrún Guðmundsdóttir fyrir hönd félagsþjónustu Stranda og Reykhóla.

### **1. Fundargerð 11. fundar Öldungaráðs.**

*Farið yfir fundargerð síðasta fundar.*

### **2. Innganga Strandabyggðar í Öldungaráð Dalabyggðar og Reykhólahrepps.**

*Öldungaráð leggur til við sveitarstjórnir Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar að eftirfarandi breytingar verði gerðar á erindisbréfi.*

#### **Skipan:**

*Öldungaráð er skipað 7 fulltrúum. Sveitarstjórn Dalabyggðar, sveitarstjórn Reykhólahrepps og sveitarstjórn Strandabyggðar skipa hver um sig einn fulltrúa og einn til vara. Félag eldri borgara í Dalasýslu og Reykhólahreppi skipar einn fulltrúa frá hvoru sveitarfélagi og einn til vara fyrir hvort sveitarfélag. Félag eldri borgara í Strandabyggð skipar einn fulltrúa og einn til vara. Heilbrigðisstofnun Vesturlands Akranesi skipar einn fulltrúa. Kjörgengir eru þeir sem eiga lögheimili í sveitarfélögunum. Skipunartími ráðsins er kjörtímabil sveitarstjórna. Þeir sem sinna málefnum eldri borgara eða félagsmálastjórar eru tengiliðir sveitarfélaganna við Öldungaráð og starfa með ráðinu og eru því til aðstoðar.*

#### **Starfsfyrirkomulag.**

*Að afstöðnum sveitarstjórnarkosningum og kosningu í Öldungaráð boðar sveitarstjóri Dalabyggðar til fyrsta fundar ráðsins. Ráðið kýs sér formann, varaformann og ritara á fyrsta fundi. Formaður boðar fundi í samráði við tengiliði eða félagsmálastjóra sveitarfélaganna. Fundir skulu að jafnaði haldnir til skiptis í sveitarfélögunum. Fundargerðir ráðsins skulu lagðar fram í sveitarstjórnnum Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar. Fundir skulu haldnir tvisvar sinnum á ári og oftár ef þurfa þykir.*

#### **Ráðgjafahlutverk og samráð**

*Greinin er óbreytt*

#### **Starfsaðstaða**

*Sveitarstjórnir Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar skulu leggja Öldungaráði til starfsaðstöðu*

### **3. Fjárhagsáætlun og gjaldskrár Dalabyggðar**

*Ragnheiður fór yfir fjárhagsáætlun og gjaldskrár sem snýr að eldr iborgurum Dalabyggðar.*

#### **4. Fjárhagsáætlun og gjaldskrár Reykhólahrepps.**

Jóhanna Ösp og Soffía Guðrún fóru yfir fjárhagsáætlun og gjaldskrár Reykhólahrepps sem snýr að eldri borgurum. Öldungaráð hvetur Reykhólahrepp til að auglýsa endurgreiðslu sundkorta og bókasafnskort á vef sveitarfélagsins.

#### **5. Félagsstarf eldri borgara**

Lesið var upp bréf frá tómsfundafulltrúa Dalabyggðar. Félagsstarf eldri borgara í Dalabyggð hefur legið niðri allt árið 2021. Stjórn félagsins hefur haldið nokkra fundi og reynt var að koma á ferðalagi í sumar en þurfti að afboða það vegna Covid.. Hjúkrunarheimilið Silfurtún hefur fengið lánuð bingóspjöld Félags eldri borgara og hefur gönguhópurinn hist reglulega. Félagsstarf eldri borgara hefur haldið starfsemi sinni á Reykhólum og í Strandabyggð. Öldungaráð hvetur sveitarfélögin til að nýta fjármagn vegna Covid-19, sem þau fengu til að auka félagsstarf eldri borgara, til að efla tæknilæsi eldri borgara t.d með kaupum á spjaldtölvum og tölvunámskeiði því tengt. Með því gætu opnast óhefðbundnar leiðir í rafrænu félagsstarfi. Jafnframt hvetur öldungaráð sveitarfélögin til að ýta undir fjölbreytt félagsstarf eldri borgara.

#### **6. Heimsóknir á Silfurtún og Barmahlíð**

Ragnheiður sagði frá reglum í gildi á hjúkrunarheimilinu Silfurtúni. Á Silfurtúni er óskað eftir því að gestir komi inn um garðdyr hjá hverjum og einum íbúa. Hámark einn gestur á dag og einn í einu. Óskað er eftir að börn undir 18 ára aldri séu ekki að koma í heimsókn. Heimilt er að fara í bíltúr eða heimahús en ekki er æskilegt að íbúar fari í fjölmenni. Heimsóknargestir eru beðnir um að vera eingöngu inni á herbergjum íbúa og komi ekki inn í sameiginlegt rými heimilissins. Grímuskylda er á alla gesti og starfsmenn á heimilinu. Gestir mega ekki koma í heimsókn ef þeir eru með einhver einkenni Covid 19. Þessar reglur gilda þar til annað er tilkynnt. Jóhanna greindi frá að ekki eru í gildi heimsóknarbann á Barmahlíð.

#### **7. Bólusetningar**

Þórunn fór yfir gang bólusetninga.

Önnur mál:

#### **8. Búsetumöguleikar eldri borgara**

Öldungaráð hvetur sveitarfélögin til að huga að íbúðum í þéttbýli fyrir eldri borgara sem vilja færa sig nær þjónustu. Skoða þarf fleiri úrræði en hjúkrunarheimili og að margskonar búsetumöguleikar séu í boði fyrir eldri borgara. Jafnframt þurfi að hlúa að þeim sem búa lengra frá þéttbýliskjörnunum.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 17:37